

Jafnréttisstefna Grindavíkurbæjar

Jafnréttisstefnan byggir á gildum Grindavíkurbæjar sem eru jákvæðni, jafnræði, þekking, framsækni og traust. Stefnan er unnin í samræmi við lög númer 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Félagsmálanefnd hefur umsjón með mótun jafnréttisstefnu Grindavíkurbæjar og framkvæmd hennar í samvinnu við sviðsstjóra félagsþjónustu og fræðsluviðs. Lögð er áhersla á að öll svið og stofnanir Grindavíkurbæjar framfylgi jafnréttisstefnunni með markvissum hætti.

Í 18. grein jafnréttislaga er kveðið á um að fyrirtæki, stofnanir, íþróttafélög og félagasamtök setji sér jafnréttisáætlun eða samþætti jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína. Grindavíkurbær hvetur þessa aðila til að framfylgja því.

Félagsmálanefnd er bæjaryfirvöldum og starfsfólki bæjarins til ráðgjafar í jafnréttismálum. Nefndin vinnur í samstarfi við sviðsstjóra, forstöðumenn stofnana og nefndir bæjarins svo og aðra sem að jafnréttismálum koma.

Jafnréttisstefna Grindavíkurbæjar er aðgengileg öllum á vef bæjarins og kynnt stjórnendum, starfsfólki og kjörnum fulltrúum.

Jafnréttisstefna skal endurskoðuð einu sinni á kjörtímabili.

Jöfn staða kvenna og karla er grundvallarréttur og jöfn þátttaka kvenna og karla í ákvarðanatöku er ein forsenda lýðræðislegs þjóðfélags.

Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kynferði.

1. Samfélag og þjónusta

- a) Kynja- og jafnréttissjónarmið skulu samþætt inn í alla stefnumótun og ákvarðanatöku á vegum bæjarins.
- b) Konum og körlum skal ekki mismunað í þjónustu og starfsemi bæjarins.
- c) Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum bæjarins skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.
- d) Unnið skal markvisst að því að auka jafnréttisvitund íbúa.
- e) Stöðugt skal unnið að því að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins.
- f) Markvisst skal unnið að afnámi staðalímynda.
- g) Markvisst skal unnið gegn kynbundnu ofbeldi.
- h) Þau félagasamtök sem njóta styrkja frá bænum skulu skila inn kyngreindum upplýsingum með ársskýrslum.

2. Menntun og uppeldi

- a) Fræðsla um jafnréttismál skal veitt á öllum skólastigum.
- b) Starfsfólk á öllum skólastigum skal fá viðeigandi fræðslu og þjálfun til að búa nemendur af báðum kynjum undir þátttöku í jafnréttis- og lýðræðisþjóðfélagi.
- c) Kynjasjónarmiða skal gætt við skipulag náms og framsetningu kennsluefnis.
- d) Tekið skal mið af kynjasjónarmiðum við skipulag og framkvæmd frístundastarfs.

- e) Þess skal gætt á öllum skólastigum að allir foreldrar óháð kyni, þjóðfélagsstöðu, þjóðerni, litarhætti, móðurmáli og forræði barna hafi jafnan aðgang að upplýsingum.

3. Vinnustaðurinn

- a) Framkvæmd jafnréttisstefnu er hluti af árlegum starfsáætlunum bæjarins þar sem svið og stofnanir setja sér mælanleg markmið og raunhæfar leiðir í jafnréttismálum.
- b) Unnið skal markvisst að því að auka jafnréttisvitund starfsfólks.
- c) Starfsfólk og kjörnir fulltrúar skulu fá markvissa fræðslu um jafnréttismál.
- d) Í auglýsingu um starf hjá Grindavíkurbæ skal hvetja til þess að konur jafnt og karlar sæki um starfið.
- e) Jafnréttissjónarmið skulu metin til jafns við önnur sjónarmið þegar ráðið er í starf hjá Grindavíkurbæ.
- f) Þess skal gætt að konur og karlar njóti að öllu leyti sambærilegra kjara og starfsaðstæðna. Það telst þó ekki mismunun að taka sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar og fæðingar.

Samþykkt í félagsmálanefnd hinn 27. febrúar 2014

Samþykkt í bæjarstjórn 13. maí 2014

Framkvæmdaáætlun jafnréttismála í Grindavík til ársins 2017

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að konur og karlar njóti að öllu leyti sambærilegra kjara og starfsaðstæðna	Framkvæmd verður könnun á launum starfsmanna í sambærilegum störfum til að greina hvort um kynbundinn launamun er að ræða. Leiðréttá skal laun ef fram kemur mismunur sem ekki verður skýrður með öðru en kynferði	Bæjarstjóri og launafulltrúi.	Í tengslum við gerð ársreiknings annað hvert ár. Fyrst vegna ársins 2013.
Jafna skal hlutfall kynja í stjórnendastörfum.	Ef stjórnunarstarf losnar skal gæta að jafnri stöðu kynja við ráðningu	Sviðsstjórar	Þegar stjórnunarstarf losnar
Einelti, kynbundin og kynferðisleg áreitni er ekki liðin hjá Grindavíkurbæ	Fræða skal starfsfólk um viðbragðsáætlun gegn einelti og annarri áreitni Áætlunin skal liggja fyrir á innri vef bæjarsins þar sem fram kemur hvaða ráða starfsfólk getur gripið til og hvert má leita.	Bæjarstjóri	Annað hvert ár, í fyrsta skiptið 2014 Þegar hún hefur hlotið formlega afgreiðslu
Að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða í nefnd	Í aðdraganda kosninga verði stjórnmalaflokkum send bréf til áminningar um jafnréttissjónarmið við röðun í nefndir og á lista	Bæjarstjóri	Eigi síðar en 25. maí 2014
Að auka jafnréttisvitund íbúa	Í fréttabréfinu Járngerði verði í a.m.k. tveimur tölublöðum árlega fjallað um jafnréttismál	Ritstjóri Járngerðar	Í 3. tbl. Járngerðar 2014
Að auka jafnréttisvitund starfsfólks og kjörinna fulltrúa	Halda námskeið fyrir starfsfólk og kjörna fulltrúa um jafnréttismál, þar sem meðal annars verði fjallað um staðal-ímyndir og hefðbundin hlutverk kynjanna.	Bæjarstjóri	Eigi síðar en 1. apríl 2015
Að efla fræðslu um jafnréttismál á öllum skólastigum	Innleiða kynjafræðslu á öllum skólastigum	Skólastjórar	Skólaárið 2015 - 2016
Að vinna að afnámi neikvæðra staðalímynda	Halda námskeið fyrir starfsfólk og kjörna fulltrúa um jafnréttismál, með áherslu á afnám staðalímynda og hefðbundinna hlutverka kynjanna.	Bæjarstjóri	Fyrir árslok 2016